

Mitt líf, mín tækifæri

Huginn leggst alfarið gegn kynjakvótum. Einstaklingar skulu metnir út frá eigin verðleikum enda er mikilvægara að velta fyrir sér hvað sé á milli eyrnanna á fólki en á milli lappa þess. Barátta sumra sem telja sig talsmenn jafnréttis hér á landi hefur kastað rýrð á málstaðinn. Kynjakvótar stuðla að ójafnrétti og eiga hvorki rétt á sér í stjórnarskrá né lögum. Huginn telur að jafnréttismál stefni í rétta átt og sér fyrir sér að með málefnalegri umræðu muni fólk sjá að jafnt hlutfall kynja skiptir ekki höfuðmáli heldur jöfn tækifæri einstaklinga.

Huginn telur að ekki eigi að mismuna einstaklingum eftir kynþætti, kynhneigð, trú, skoðunum, atvinnu eða áhugamálum svo lengi sem aðrir beri ekki skaða. Ríkisstyrkt Þjóðkirkja á ekki rétt á sér í nútíma samfélagi. Aðskilja ber ríki og kirkju hið fyrsta. Öll trúarleg starfsemi innan ríkisrekinna stofnana brýtur gegn trúfrelsi sem og jafnrétti. Huginn leggur til að fermingarfræðsla, vinaleið og önnur starfsemi Þjóðkirkjunnar hætti umsvifalaust í ríkisreknum grunnskólum landsins. Fordómalaust þjóðfélag er lykillinn að jafnréttissamfélagi.

Huginn er fylgjandi því að allir hafi jafnan aðgang að menntun á sinn eigin kostnað því nám er í raun fjárfesting. Það er hagar þjóðarinnar að sem flestir hafi aðgengi að góðri menntun. Nauðsynlegt er að tryggja rekstrargrundvöll skóla á Íslandi meða annars með upptöku skólagjalda og einkavæðingu.

Huginn telur að laun einstaklinga séu þeirra einkamál. Fráleitt er að skrár sem geyma upplýsingar um tekjur og skattgreiðslur landsmanna séu aðgengilegar hverjum sem er. Laungreiðendum skal ekki vera skylt að greiða sömu laun fyrir sama starf. Laun skulu metin út frá hæfni frekar en stöðu.

Huginn telur að ekki eigi að skerða rétt stjórnmalaflokka til að ráðstafa þeim fjármunum sem þeir hafa til að fjármagna kosningabaráttur og kynningar. Sama gildir um prófkjör. Gengið er á rétt stjórnmalaflokka með slíkum athöfnum.

Huginn skorar á ráðamenn að virða ákvarðanir annarra einstaklinga þó þær stangist á við þeirra eigin siðferðismat og geðþótta. Huginn er á móti því að ráðamenn landsins taki ákvarðanir út frá eigin siðferðismati og geðþótta. Slíkt á ekki að hafa áhrif á stjórnarfar. Enginn er betur til þess fallinn að taka ákvarðanir um eigin hagi en einstaklingurinn sjálfur. Ritskoðun af hvaða tagi sem er á ekki að vera í höndum stjórnvalda. Huginn telur að hver einstaklingur skuli hafa skýlausan rétt til að ráða yfir eigin líkama svo framarlega sem aðrir beri ekki skaða af.